

Ed.

574. Nefndarálit

[60. mál]

um frv. til l. um notendasíma í sveitum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þess skal hér fyrst getið, hvers vegna álit þetta kemur svo seint fram. Af sérstökum ástæðum var ég ekki mættur á fundi fjárhagsnefndar, er hin svo kallaða afgreiðsla þessa máls fór þar fram. Voru 3 nefndarmanna af 5 mættir á fundi þeim, er hér um ræðir, en aðeins einn þeirra tók afstöðu til málsins. Síðan hef ég ekki haft aðstöðu til þess að ræða við fjárhagsnefnd um málið á fundi hennar fyrr en í dag, að formaður kallaði okkur saman eftir ósk minni til þess að ræða um það.

Ekki náðist samkomulag um málið. Virðist þó bera minna á milli nú en áður.

Ég tel það hið allra nauðsynlegasta fyrir sveitir landsins af þeim framkvæmdum, sem nú er um að ræða í flestum byggðum, að býli þau, sem í ábúð eru enn, fái símasamband hið allra fyrsta. Þótt vegir og brýr séu dýrmæt, þá munu þeir langflestir vera, er kjósa sér notendasíma heldur, af tvennu til. Einveran og fásinnið verður ekki eins tilfinnanlegt, þegar hægt er að tala við nágrannann í vetrarhríðum og haustmyrkrum og síma má að heiman til læknis, ef slys eða annan voveiflegan sjúkdóm ber að höndum. Bóndinn, sem verður að ferðast frá heimili sínu, er öruggari, er hann jafnan getur haft samband við heimili sitt, og konan, sem ef til vill er á meðan ein heima með ungbarnahóp, er rólegri, er hún getur talað við nágrannann og gert aðvart, ef hún þarf skjótrar aðstoðar við. Þá léttir notendasíminn afar mikið undir við vöruaðdrætti, er verzanir senda viðskiptamönnum vörur með bílum eftir simpöntun þeirra. Þannig má lengi telja.

Ég álit því, að veita eigi meira fé á fjárlögum en undanfarið hefur verið gert til sveitasíma, og það eins hátt og fært þykir, eftir því sem efni standa til hjá ríkissjóði. Undanfarin ár hafa útgjöld til notendasíma í sveitum farið langt fram yfir áætlun fjárlaga, og hefur símamálastjórnin sýnt fullan skilning og áhuga á að koma þeim málum sem lengst á leið á sem skemmstum tíma, og hefur henni yfirleitt farið þau mál vel úr höndum, þótt ef til vill megi eitthvað þar að finna. Virðist mér því hið mesta óráð að fara nú að taka mál þessi að mestu úr höndum hennar og fela háttsettum mönnum í einum pólitískum flokki að segja til um, hvaða heimili eigi að fá notendasíma í hvert skipti. Þessir menn, þótt þeir vilji vera óhlutdrægir, komast varla hjá því, að þeir verði grunaðir um græsku af þeim, er þykjast seint komast að við útteilinguna, og getur orðið út af þeim málum ýmiss konar argaþras, er jafnvel verður framkvæmdunum til trafala.

Legg ég til, að á frv. verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. Við 4. gr. Greinin falli niður.
2. Við 6. gr. 3. másl. greinarinnar falli niður.

Alþingi, 19. apríl 1950.

Þorst. Þorsteinsson.